

REGLUR LYKILS FJÁRMÖGNUNAR HF.

STARFSREGLUR
ENDURSKOÐUNAR- OG
ÁHÆTTUNEFNDAR



Efnisyfirlit

1. Markmið	1
2. Skipun nefndar	1
3. Hæfi nefndarmanna	1
4. Heimildir	1
5. Fundir	1
6. Verkefni	2
7. Trúnaður	3
8. Annað	3

1. Markmið

Markmið endurskoðunar- og áhættunefndar Lykils fjármögnunar hf. (Lykill) er að starfa samkvæmt íslenskum lögum og reglum og góðum stjórnarháttum. Endurskoðunar- og áhættunefnd er undirnefnd stjórnar og er skipuð af henni í samræmi við IX. kafla A laga nr. 3/2006 um ársreikninga og 78. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

2. Skipun nefndar

Stjórn Lykils ber ábyrgð á skipun endurskoðunar- og áhættunefndar og skal nefndin veita stjórn upplýsingar um störf sín með hliðsjón af hlutverki nefndarinnar og reglum þessum, eftir því sem við á. Nefndin skal skipuð þremur aðilum eigi síðar en mánuði eftir aðalfund, þar af tveimur stjórnarmönnum félagsins hið minnsta. Formaður nefndarinnar skal skipaður sérstaklega.

3. Hæfi nefndarmanna

Nefndarmenn skulu hafa þekkingu og reynslu í samræmi við störf nefndarinnar og skal að minnsta kosti einn nefndarmaður hafa staðgóða þekkingu og reynslu á sviði reikningsskila og endurskoðunar. Þá skulu nefndarmenn búa yfir nægilegri þekkingu og starfsreynslu til að móta áhættustefnu og áhættuvilja félagsins.

Nefndarmenn skulu vera óháðir endurskoðanda eða endurskoðendum félagsins og meirihluti nefndarmanna skal jafnframt vera óháður félaginu. Með óhæði er átt við það að nefndarmaður sé ekki í þannig viðskiptatengslum, fjölskyldutengslum eða öðrum tengslum við félagið, ráðandi hluthafa (e. *controlling shareholder*) eða daglega stjórnendur félagsins, að það valdi hagsmunaárekstrum sem líklegir eru til að hafa áhrif á dómgreind viðkomandi.

Framkvæmdastjóri félagsins skal ekki eiga sæti í endurskoðunar- og áhættunefnd og komi til þess að formaður stjórnar sitji í nefndinni skal hann ekki gegna embætti formanns nefndarinnar. Þannig skal framkvæmdastjóri, stjórnarformaður og formaður endurskoðunar- og áhættunefndar ekki vera sami einstaklingurinn.

4. Heimildir

Endurskoðunar- og áhættunefnd hefur heimild til nauðsynlegrar upplýsingaöflunar innan félagsins til þess að geta uppfyllt skyldur sínar samkvæmt verklagsreglum þessum. Endurskoðunar- og áhættunefnd hefur óheftan aðgang að stjórn, stjórnendum og þeim starfsmönnum félagsins sem hafa fengið það hlutverk að aðstoða endurskoðunar- og áhættunefnd í verkefnum hennar, ytri endurskoðendum, og innri endurskoðendum.

Endurskoðunar- og áhættunefnd hefur heimildir og fjárhagslegt svigrúm til að leita sér ráðgjafar eins og hún telur nauðsynlegt til að geta uppfyllt þessar skyldur.

Starfsmenn félagsins skulu hafa óheftan aðgang að endurskoðunar- og áhættunefnd, m.a. til að tilkynna grun um verulega óreiðu hjá félaginu.

5. Fundir

Formaður skal boða til funda að eigin frumkvæði eða að ósk annarra nefndarmanna en þó eigi sjaldnar en tvisvar á ári. Einfaldur meirihluti nefndarmanna ræður niðurstöðu mála.

Nefndin skal halda fundargerðabók og skila skýrslu um störf sín til stjórnar félagsins að minnsta kosti tvisvar á ári í tengslum við reikningsuppgjör félagsins.

Það er ákvörðun nefndarinnar hvort stjórnendur félagsins, innri endurskoðendur eða ytri endurskoðendur séu viðstaddir fundi nefndarinnar. Að lágmarki árlega skal nefndin hitta innri og ytri endurskoðendur án þess að stjórnendur séu viðstaddir. Nefndin skal hafa óheftan aðgang að innri og ytri endurskoðendum.

6. Verkefni

Endurskoðunar- og áhættunefnd skal leitast við að tryggja gæði ársreikninga og annarra fjármálaupplýsinga félagsins og óhæði endurskoðenda þess, og vera stjórn félagsins til aðstoðar við að uppfylla skyldur sínar varðandi framangreint.

Endurskoðunar- og áhættunefnd skal sinna ráðgjafar- og eftirlitshlutverki fyrir stjórn félagsins, m.a. vegna mótunar áhættustefnu, áhættuvilja og áhættumörk þess varðandi alla áhættuþætti félagsins. Nefndin á einnig að fylgjast með, og eftir atvikum, gera tillögur um stefnumótun vegna eiginfjár- og lausafjárstýringar auk stýringar annarra áhættuþátta og gerð og framkvæmd álagsprófa.

Endurskoðunar- og áhættunefnd ber að fylgjast með skilvirkni á innri gæða- og áhættustýringar kerfum og starfsemi innri endurskoðunar.

Endurskoðunar- og áhættunefnd skal m.a. kanna hvort hvarar sem falist geta í starfskjarastefnu félagsins, þar á meðal breytilegum starfskjörum, samræmist áhættustefnu Lykils og yfirfara hvort kjör sem boðin eru viðskiptavinum taki að fullu mið af rekstraráætlun og áhættustefnu félagsins. Ef kjör endurspeglu ekki áhættuna samkvæmt rekstraráætlun og áhættustefnu skal áhættunefnd leggja fram úrbótaáætlun til stjórnar.

Endurskoðunar- og áhættunefnd skal starfa sem samskiptaaðili milli stjórnar félagsins, stjórnenda og ytri og innri endurskoðenda í tengslum við skýrslugjöf þeirra og málefni sem tengjast áhættustýringu og innra eftirliti.

Í samræmi við 108 gr. b. laga nr. 3/2006 um ársreikninga skal endurskoðunar- og áhættunefnd m.a. hafa eftirfarandi hlutverk:

6.1. Eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila.

Endurskoðunar- og áhættunefnd skal hafa eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila. Nefndin skal fara yfir reikningsskil og helstu álitaefni í reikningsskilum með viðeigandi stjórnendum félagsins við gerð ársreiknings og árshlutareikninga áður en stjórn samþykkir reikningana. Nefndin skal leitast við að leysa ágreiningsmál sem kunna að koma upp milli stjórnenda og endurskoðenda við reikningsskilagerðina.

6.2. Eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits, innri endurskoðun og áhættustýringu.

Endurskoðunar- og áhættunefnd hefur eftirlit með því að stjórn tryggi með stefnu sinni og verklagsreglum að félagið hafi innleitt viðeigandi innra eftirlit sem tekur á áhættuþáttum í starfseminni og að þessir innri eftirlitsþættir virki á áhrifaríkan hátt. Nefndin yfirfer með stjórnendum, innri endurskoðendum og ytri endurskoðendum eftir þörfum, hvort innra eftirlit og áhættustýring sé nægjanleg hverju sinni og hvernig upplýsingagjöf til stjórnar félagsins er háttað.

Nefndin fer yfir að innri endurskoðun hafi hæfilegt umfang til að sinna innri endurskoðuninni vel. Hún fer yfir innri endurskoðunaráætlun og niðurstöður innri endurskoðunar ársins. Nefndin tryggir enn fremur að ekki séu til staðar takmarkanir sem hamla störfum innri endurskoðenda. Nefndin leitast við að leysa ágreiningsmál sem kunna að koma upp varðandi innri endurskoðun.

Endurskoðunar- og áhættunefnd skal gera stjórn grein fyrir sviksemismálum sem koma til hennar vitundar, þar sem grunur er um brot á lögum, reglum eða reglugerðum eða tilvikum þar sem innra eftirlit hefur brugðist.

6.3. Eftirlit með endurskoðun ársreiknings og samstæðureiknings.

Endurskoðunar- og áhættunefnd skal hitta endurskoðendur félagsins og fara yfir umfang endurskoðunarinnar og endurskoðunaráætlun.

Endurskoðandi eða endurskoðunarfyrirtæki skal árlega gera endurskoðunar- og áhættunefnd grein fyrir störfum sínum og óhæði og skila skriflegri skýrslu um mikilvæg atriði sem fram hafa komið við endurskoðunina. Í skýrslunni skal sérstaklega geta um veikleika í innra eftirliti í vinnuferli við gerð reikningsskila.

Endurskoðunar- og áhættunefnd getur fundað einslega með innri endurskoðanda, ytri endurskoðanda eða stjórnendum ef nefndin telur þörf á því.

6.4. Mat á óhæði endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtækis og eftirlit með öðrum störfum endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtækis.

Endurskoðunar- og áhættunefnd skal árlega móttaka skriflega staðfestingu endurskoðanda að ákvæðum laga nr. 79/2008 um endurskoðun sé fylgt, þar sem meðal annars skal koma yfirlýsing um að hann sé óháður félaginu og að skýrsla um gagnsæi sé birt á vefsíðu endurskoðunarfyrirtækisins sbr. 29. gr. laga nr. 79/2008. Nefndin skal enn fremur afla upplýsinga um aðra þjónustu sem endurskoðandinn veitir félaginu og leggja mat á hvort sú þjónusta sé ógnun við óhæði hans.

Í mati endurskoðunar- og áhættunefndar á óhæði endurskoðanda skal nefndin gæta þess að endurskoðandi og endurskoðunarfyrirtæki eiga að vera óháð viðskiptavinum sínum, bæði í reynd og ásýnd. Endurskoðandi skal eigi framkvæma endurskoðun ef einhver þau tengsl eru á milli endurskoðandans og viðskiptavinar hans sem eru til þess fallin að vekja efa um óhæði hans hjá vel upplýstum þriðja aðila, svo sem atvinnutengsl, bein eða óbein fjárhagsleg tengsl eða viðskiptatengsl önnur en leiðir af endurskoðuninni.

6.5. Setja fram tillögu til stjórnar um val á endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki.

Endurskoðunar- og áhættunefnd skal setja fram tillögu til stjórnar um val á endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki.

6.6. Önnur verkefni.

Endurskoðunar- og áhættunefnd skal, í samráði við stjórn, gera tillögu um fyrirkomulag innri endurskoðunar og jafnframt tillögu um val á innri endurskoðanda.

Stjórn er heimilt að fela endurskoðunar- og áhættunefnd að fylgjast með úrbótum í kjölfar ábendinga ytri eða innri endurskoðanda sem stjórn hefur fallist á.

7. Trúnaður

Nefndarmenn í endurskoðunar- og áhættunefnd eru bundnir þagnarskyldu um allt það sem þeir fá vitneskju um og varða málefni félagsins eða viðskiptamanna þess. Þagnarskyldan helst þótt nefndarstarfi viðkomandi einstaklings ljúki.

8. Annað

Endurskoðunar- og áhættunefnd skal eftir þörfum meta skilvirkni nefndarinnar og yfirfara starfsreglur nefndarinnar þó að lágmarki annað hvert ár. Nefndin leggur til við stjórn viðeigandi breytingar eða aukningu á verkefnum og hlutverki nefndarinnar.

Stjórnendur geta óskað eftir aðstoð nefndarinnar við sérstök úrlausnarefni er varða félagið.

Reykjavík, 13. desember 2019

Stjórn Lykils fjármögnunar hf.

Bruna Steinsen
 Stjórn
 Lykils fjármögnunar hf.